



VIÐSKIPTARÁÐ  
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssona  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt. (208. mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á skilgreiningum á rafrænni þjónustusölu og eftirliti vegna áætlana.*

Í ofangreindu frumvarpi eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um virðisaukaskatt. Þær helstu eru vegna rafrænnar þjónustusölu og eftirlits vegna áætlana. Viðskiptaráð mun ekki í umsögn þessari fara í þaular yfir þær tæknilegu breytingar sem í frumvarpinu felast heldur verður farið í stórum dráttum yfir helstu athugasemdir sem ráðið gerir.

Athugasemdir Viðskiptaráðs snúa einna helst að þremur þáttum. Fyrst ber að nefna að gerðar eru athugasemdir við breytingar vegna skattskyldu rafrænnar þjónustusölu. Þess að auki eru gerðar athugasemdir við ákvæði er varða eftirlit með áætlunum og viðurlög við því ef aðili sætir áætlun. Að lokum er svo gerð athugasemd við tillögu á viðbótargjaldi vegna aðila sem skilar ekki virðisaukaskattskýrslu á tilskildum tíma.

#### **Rafræn þjónustusala**

Ofangreint frumvarp felur í sér breytingar á afmörkun og skilgreiningu þess sem telst til rafrænnar þjónustusölu, hvað fellur undir skattskyldu og hvað utan í þeim efnum. Þeim breytingum sem gerðar eru er ætlað að taka fyrir mögulega tvísköttun á sölu rafrænnar þjónustu eða skorts á skattlagningu í öðrum tilvikum með því að gera skilgreiningar skattskyldu skýrari. Breytingarnar eru gerðar m.a. í þeim tilgangi að afmarka betur hvað telst til afhendingar á rafrænni þjónustu hjá gagnaverum hér á landi.

Með því að setja fram ákvæðið eins og gert er í frumvarpinu, þ.e. taka út sérstakan skilgreiningarþátt fyrir virðisaukaskatt en ekki miða við þá almennu skilgreiningu sem kemur fram í 1. tl. 2. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, sem er samhljóma tilskipun Evrópusambandsins 2006/112/EB um virðisaukaskatt, er verið að flækja löginn mun meira en þörf er á um leið og sértækari ákvæði eru sett í stað almennra og skýrari ákvæða. Eins og ákvæðið er sett fram þá er verið að setja það í þeim sérstaka tilgangi að undanskilja hluta af þeirri þjónustu sem gagnaver veita, og um leið undanskilja hluta starfsemi þeirra sem erfitt getur verið að skilja frá. Almennari og skýrari ákvæði myndi þjóna víðari hagsmunum og ná betur yfir fjölbreyttari þjónustu.

Breytingar á lögum sem þessum ættu að vera með þeim hætti að geta náð yfir öll þau tilvik sem komið geta upp í þessu samhengi. Jafnvel mætti taka til athugunar hvort fara eigi að fordæmi margra nágrannalanda okkar og hafa hér skráningarskyldu þjónustuveitenda í landinu. Þannig væri sá aðili sem ætlar sér að afhenda þjónustu rafrænt hér á landi skyldugur til skráningar. Með þessu má fordæst tvísköttun á seldri þjónustu og um leið tryggja að öll þjónusta sem ber skattskyldu séð skráð og af henni sé greitt.

### **Eftirlit með áætlunum**

Í 2. gr. og a. lið 9. gr. eru settar fram tillögur að nýjum ákvæðum sem snúa að eftirliti með áætlunum skattaðila. Með 2. gr. er bætt við nýrri málsgrein við 5. gr. laganna þar sem ríkisskattstjóra er gefin heimild til að synja aðila um skráningu á virðisaukaskattsskrá liggja fyrir að opinber gjöld hans séu áætluð á einhverju ári af næstliðnum þremur tekjuárum á undan. Er sem sagt verið að leggja til heimild til að synja skráningarskyldum aðilum um skráningu á grundvelli áætlana annarra opinberra gjalda. Velta verður því upp hvort það leiði ekki til þess að þeir aðilar sem annars væru virðisaukaskattskyldir, verði það ekki á grundvelli synjunar á skráningu. Ekkert kemur þá í veg fyrir að þeir haldi starfsemi sinni áfram án þess að gera grein fyrir virðisaukaskatti úr starfsemi sinni.

Ákvæðið er lagt til í þeim tilgangi að ýta undir frekari skil og styrkja þau ákvæði er varða áætlanir vegna vanskila. Ákvæði þetta er því miður með öllu óskiljanlegt og hvernig það eigi að skila markmiði sínu er algerlega óljóst. Með þessari breytingu er framkvæmd laganna gerð mun flóknari en ella.

Það hlýtur að falla undir verkahring skattrannsóknarstjóra að rannsaka og taka á vanskilum eða brotum á grundvelli laganna. Efast verður um að ákvæðið skili sér í því að betri skil verði á opinberum gjöldum eins og til er ætlast. Hugsunin hér að baki hlýtur að vera sú að aðeins þeir sem hafa góða sögu af skilum opinberra gjalda séu á virðisaukaskattsskrá. Hins vegar gerir ákvæðið ekki ráð fyrir hvað verður um hina, þ.e. þá sem eru í annars virðisaukaskattskyldri starfsemi en er synjað um skráningu.

*Viðskiptaráð leggur til að 2. gr. verði felld úr frumvarpinu.*

Með a. lið 9. gr. er lagt til að ríkisskattstjóra verði gefin heimild til að fella skattaðila úr virðisaukaskattsskrá sæti hann áætlun samfelld í tvö ár eða lengur. Sömu athugasemdir eiga við um þessa grein og gerðar eru við 2. gr. hér að ofan og vísast til þeirra. Aðilar sem stunda virðisaukaskattskylda starfsemi hljóta að þurfa að vera á þar tilgerðri skrá og ekki tekur frumvarpið á því hvað þeir aðilar skuli gera sé þeim vísað af henni.

Ákvæðið kveður einnig á um að skattaðili sem vísað hefur verið af skrá verði ekki skráður aftur fyrr en hann hafi gert fullnægjandi skil á virðisaukaskatti eða geti lagt fram tryggingu. Sé hann skráður að nýju gilda um hann annars konar reglur um skil næstu tvö ár eftir en almennt gilda, eða nokkurs konar skilorð. Ekki verður séð með hvaða móti þessu er ætlað að minnka áætlanagerð og vísast þá til þess sem sagði hér um 2. gr. frumvarpsins.

*Viðskiptaráð leggur til að b. liður 9. gr. verði felldur úr frumvarpinu*

### **Viðbótargjald vegna áætlana**


Athugasemd er gerð við b. lið 9. gr. frumvarpsins. Í því ákvæði er lagt til að nýrri grein verði bætt við þar sem kveðið er á um að aðili sem skilar virðisaukaskattsskýrslu eftir að hafa sætt áætlun skuli greiða 5.000 kr. gjald fyrir hverja skýrslu. Nú þegar er í lögunum ákvæði, í 27. gr., um lögbundið álag vegna áætlunar sé skatti eða skýrslu ekki skilað á tilskildum tíma. Álag eins og það sem lögin mæla fyrir um eru viðurlög við því að skila skatti eða skýrslu of seint eða sé þeim ábótavant. Í greinargerð með frumvarpinu segir að engin viðurlög hafi verið við vanskilum skýrslna utan lögbundins álags og þessi tillaga því gerð til að sporna við áætlunum á virðisaukaskatt. Kemur því skýrt fram í greinargerðinni að nú þegar séu til staðar viðurlög sem ná yfir það sem viðurbótargjaldinu er ætlað. Ekki eru frekar færð rök fyrir því hvers vegna höfundar greinargerðar telja ástæðu til að setja önnur viðurlög ofan við þau sem þegar eru til staðar. Með því að setja það viðbótargjald sem ákvæðið mælir fyrir um er því verið að tvírefsa fyrir vanskil virðisaukaskattskyldra aðila.

*Viðskiptaráð leggur til að b. liður 9. gr. verðir felldur úr frumvarpinu enda hér um tvöfalda refsingu að ræða fyrir sama brotið á lögum um virðisaukaskatt.*

Að öðru leyti vísar Viðskiptaráð til umsagnar Deloitte varðandi ofangreint frumvarp.

**Viðskiptaráð Íslands leggur til að frumvarpið verði tekið til endurskoðunar með tilliti til meðfylgjandi athugasemda.**

Virðingarfyllt,



---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands